



Reykjavík, 20. febrúar 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Á samráðsgátt stjórnvalda birti atvinnuvegaráðuneytið 5. febrúar 2026 drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, mál nr. S-31/2026. Meginefni frumvarpsins er að setja á fót stofnun sem sameinar Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs í eina stofnun. Jafnframt er lagt til að matvælaeftirlit færir frá heilbrigðiseftirlitssvæðum til nýrrar stofnunar.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir drög að frumvarpinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Sameining stofnanna og verkefna

Efni frumvarpsins er skipt í tvo meginhluta:

Fyrri hluti frumvarpsins fellst í sameiningu þriggja stofnana á grundvelli fýsileikagreiningar þar sem rýnt var í ferla, fjármál, mannauð og tækifæri til umbóta. Niðurstöður staðfestu að tækifæri væru til staðar til að efla stjórnsýsluna og styrkja faglegar stoðir eftirlitsins. Niðurstaðan er því sameining þessara stofnanna. Sá hluti frumvarpsins er jákvæður að mati samtakanna enda er jákvætt þegar stjórnvöld minnka yfirbyggingu stjórnvalda.

Síðari hluti frumvarpsins er að hin nýja stofnun taki við verkefnum um matvælaeftirlit sem heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa sinnt. Markmiðið er að þjónusta við atvinnulífið verði einfaldari og skilvirkari með færri samskiptaleiðum og skýrari ferlum. Þá verða starfsstöðvar stofnunarinnar staðsettar um land allt.

Efni umsagnar þessarar verður fyrst og fremst um síðari hlutan þar sem eftirlit með matvælum er fært frá heilbrigðiseftirlitinu til stofnunar ríkisins.

Forsaga málsins og afstaða samtakanna

Frumvarpið er skylt máli umhverfis-, orku og loftslagsráðherra mál nr. [S-3/2026](#). SAF skiluðu inn [umsögn](#) um það mál 17. febrúar 2026. Í þeirri umsögn og í þessu máli þá fagna samtökin þeim breytingum sem lagt er upp með. Líkt og kemur fram í fyrri umsögn samtakanna þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) allt frá árinu 2010 gert ítrekaðar athugasemdir við annmarka á skipulagi opinbers eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla. Síðasta greiningin var unnin af stýrihóp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og matvælaráðherra árið [2025](#). Stýrihópurinn rýndi tillögur starfshóps frá árinu [2023](#) og niðurstaðan var að hagkvæmasta sviðsmyndin væri að færa stjórnsýslu hollustuhátta og mengunarvarna og matvælaeftirlits alfarið til ríkisstofnana.

Jafnframt þyrfti að byggja upp sameiginlegt upplýsingakerfi þessara stofnana. Við það að bæta þá skilaði Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild Háskóla Íslands [lögfræðilegri álitssgerð](#), um stjórnarsýslusamband milli stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga m.t.t. samræmingar á heilbrigðiseftirliti. Frumvarp þetta og frumvarp umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra eru afrakstur þeirrar vinnu sem hefur verið unnin á undanförunum árum. Mikilvægt er að bæði málin nái fram að ganga. Samtökin telja efni þeirra það skyld að nær hefði verið að málið hefði verið í einu frumvarpi. Það skiptir ekki sköpun svo lengi sem bæði mál nái fram að ganga.

Skýrsla eftir skýrslu og álitssgerðin mæla með því að þessi leið verði farin líkt og bæði frumvörpin mæla fyrir um. Aðrar leiðir eru flóknari, erfiðari í framkvæmd og í reynd full reyndar. Samtökin hafa skilað inn umsögnum um fyrrgreindar skýrslur þar sem samtökin hvetja til þeirra breytinga sem nú er verið að boða. Einföldun, samræmingu og skilvirkni í eftirliti verður ekki náð með öðrum hætti. Skoðun samtakanna hefur ekki breyst og því mælast samtökin til þess að farið verði áfram með málið og frumvarpið samþykkt að lokum sem lög.

Samtökin vilja taka undir þau orð sem koma fram í [skýrslu KPMG](#), Sameinaðir Innviðir, þar sem kemur fram að hver stofnun er að gera sitt besta til að reka eigið eftirlitskerfi, málakerfi og eigin gagngrunn en smæð flestra eftirlitsstofnana hefur haft hamlandi áhrif á framþróun í eftirliti og þjónustu. Misræmi í eftirlitinu má telja sem afleiðingar af skorti á miðlægri stoðþjónustu sem núverandi eftirlit leiðir til, enda er eftirlitið á hendi 11 stofnana á tveimur stjórnarsýslustigum ríkis og sveitarfélaga. Breytingin myndi leiða til þess að fækka þeim umtalsvert eða í tvær stofnanir á sama stjórnarsýslustiginu.

Nauðsynleg breyting til að tryggja samræmt og skilvirkt eftirlit

SAF telja að frumvarpið sé ekki eingöngu lagt fram til að bregðast við kröfum ESA, heldur einnig til að bregðast við fyrirkomulagi á eftirliti sem hefur leitt til ósamræmis, óhagræðis og óskilvirkni. Slíkir annmarkar kosta atvinnulífið og samfélagið í heild meira en mögulegur kostnaður sem kann að felast í því að eftirliti sé sinnt af tveimur eftirlitsstofnunum með samræmt eftirlit. Í skýrslu stjórnvalda voru nefndar leiðir til að auka samræmi á þessu sviði og ef skýrslurnar eru lesnar og fyrrgreind álitssgerð Trausta Fannars þá er erfitt að sjá að önnur leið sé fær en leiðin sem er mælt fyrir um í fyrrgreindum frumvörpum. Samtökin telja að frumvarpið muni hafa jákvæðar afleiðingar fyrir atvinnulífið og fyrirtæki.

Niðurstaða nýjustu skýrslna um málið benda til þess að samræmt verklag eftirlits mun draga úr flækjustigi. Þá mun það tryggja jafnræði, meiri fyrirsjáanleika og einfalda samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Boðuð einföldun og samræming upplýsingakerfis þar sem mögulegt er að hafa eitt stafrænt viðmót fyrir eftirlit, skráningar og samskipti skiptir máli fyrir eftirlitsþega. Aukin sjálfvirkni af hálfu eftirlitsstofnana myndi gegna stóru hlutverki í að bæta eftirlit þeirra og stytta afgreiðslutíma. Mikilvægt er að eftirlitsheimsóknir nýtist milli stofnana og að formlegt samkomulag liggja fyrir um virkt samstarf. Slíkt dregur úr sóun í kerfinu. Eftirlitsheimsókn frá einni eftirlitsstofnun ætti því að nýtast hinni stofnunni við ákvörðunartöku um hvort og hvenær farið verði í eftirlit. Þá er mikilvægt að eftirlit verði áhættumiðaðra og að forgangsröðun í dreifbýli sé skýr. Breytingin gæti því leitt til þess að draga úr eftirlitsheimsóknum án þess að draga úr gæðum eftirlitsins.

Ofangreindu verður ekki náð nema með fyrirhugðum breytingum og þeirri vinnu sem í kjölfarið mun fara af stað. Mikilvægt er sú vinna geti hafist sem fyrst þannig að hlutverk eftirlitsstofnana og viðmót verði skýrt þegar ákvæði frumvarpsins eiga að taka gildi 1. janúar 2027.

SAF lítur á frumvarpið sem mikilvægt skref í rétta átt til einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnslu gagnvart atvinnulífinu. Samtökin eru reiðubúin til áframhaldandi samtals við stjórnvöld um framkvæmd og innleiðingu breytinganna og áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason

Ágúst Elvar Bjarnason, vekefnastjóri



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri